

Eygló Daníelsdóttir

„Hefurðu eitthvað þælt í að læra iðjuþjálfun?“ spurði sjúkraþjálfarinn minn á meðan hún hamaðist á bakinu á mér svo ég fann svitadropana spretta alls staðar út. „Hvað meinarðu, hvað er það?“ spurði ég. Ég var búin að vera í veikindaleyfi í nokkrar vikur, búin að rústa bakinu á mér í aðhlyningarstarfi og hún vissi að ég væri að leita mér að öðru framtíðarstarfi innan heilbrigðisgeirans.

Í framhaldi af þessu samtali okkar hafði ég samband við Hope Knútsson sem þá var formaður Iðjuþjálfafélagsins og fékk hjá henni ýmsar upplýsingar, ábendingar um vinnustaði og að til stæði að fara að kenna þetta á Íslandi fljótlega. Ég var einhvern veginn ekki of trúuð á að það væri eitthvað að gerast og sótti um skóla í Danmörku og fékk inngöngu. Þá komu þær fréttir að kennsla í iðjuþjálfun hæfist á Akureyri um haustið svo ég skipti um skoðun og fór þangað með mann, barn og bumbubúa.

Á næstu fjórum árum lærði ég mikið um iðju mannsins og allt sem fylgir iðjufræðunum en einnig lærði ég mikið um sjálfa mig. Þetta nám krefst þess ekki eingöngu að maður sé opinn fyrir umhverfinu, kröfum þess og tækifærum, heldur einnig að þekkja sinn innri mann, eigin styrkleika og veikleika þar sem við sjálf erum helsta verkfærið í starfinu.

Eftir útskrift réðst ég sem yfiriðjuþjálfri á öldrunarlækningadeild FSA á Kristnesi og starfaði þar í fjögur ár. Unnið var í teymi með öllum fagstéttum og einnig var gott samband við heimahjúkrun og heimaþjónustu á svæðinu til að bæta samfellu þjónustunnar.

Nú hef ég starfað í þrjú ár á Heilbrigðisstofnun Austurlands sem er gjörólíkt umhverfi. Vinnan mín fellur bæði undir sjúkradeild og heilsugæslu og til mín koma skjólstaðingar frá þriggja ára til hundrað. Hluti af mínu starfi fer fram innan leikskólanna en einnig fer drjúgur hluti tímans í heimilisathuganir og ráðgjöf um hjálpartæki sem undirbúningur fyrir útskrift af sjúkrahúsi.

Iðjuþjálfun er ekki einfalt starf en í því er mikil fjölbreytni og allir ættu að geta fundið svið sem þeim hentar að vinna á. Það eina sem stöðvar mann er maður sjálfur ;)

